

## REGLUR

### um flokkun mjólkur og verðfellingar vegna líftölu.

Verðlagsnefnd búvöru hefur ákveðið flokkun og verðfellingar mjólkur með bactoscan-mælingum vegna líftölu (gerlatölu) eftirfarandi, fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember 2003:

1. flokkur	≤ 600.000	Verð skv. lágmarksverði 1. flokks mjólkur.
2. flokkur	> 600.000 og ≤ 3.000.000	2% verðfelling af lágmarksverði mjólkur (1,58 kr./lítra pr. 1. júlí 2003).
3. flokkur	> 3.000.000	5% verðfelling af lágmarksverði mjólkur (3,94 kr./lítra pr. 1. júlí 2003).

Taka skal a.m.k. eitt sýni hjá hverjum framleiðanda í hverri viku. Einungis er verðfellt vegna líftölu. Fyrir hvert sýni sem fer í 2. flokk, skal verðfellt um 2% og fyrir hvert sýni sem fer í 3. flokk skal verðfellt um 5%. Samanlögð prósentu einstakra flokka skal gilda sem heildarverðfelling fyrir allt mjólkurmagn framleiðandans í mánuðinum. Verðfelling fyrir hvern lítra mjólkur skal reiknuð af lágmarksverði sem gildir á hverjum tíma.

Reglur þessar eru birtar samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 27. júní 2003.*

F.h. verðlagsnefndar búvöru,  
**Ólafur Friðriksson** formaður.